

6. gr.

Stjórn sjóðsins úthlutar úr sjóðnum og metur þörf umsækjenda. Stjórnin skal vera sammála um mat á þörf og úthlutun úr sjóðnum. Stjórnin skal afgreiða umsóknir er henni berast eigi síðar en 4 vikum eftir að þær berast henni.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af lög-giltum endurskoðanda.

8. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má gera, ef það telst nauðsynlegt, eða málefnum hjartveikra barna til hagsbóta. Breytingartillögur skulu hljóta einróma samþykki stjórnar sjóðsins.

9. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður, skulu eignir hans renna til þeirrar sjúkrastofnunar á Íslandi sem sinnir hjartaaðgerðum á börnum. Einróma samþykki stjórnar sjóðsins þarf til að leggja hann niður.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, sbr. lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. maí 1996.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, Laufrimi, staðgreinireitur 2.541.0.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 8. maí 1996 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, frá 20. febrúar 1992 með síðari breytingum.

Breytingin er fólgin í því að 5000 m² stofnanalód við Laufrima verður svæði fyrir íbúðabyggingu.

Borgarstjórn Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytinu, 21. maí 1996.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.